

Nýjungar í Sögu - Útgáfa 3.1.38.7

Aðvaranir sjúklings (flyout)

Snjó Korn - Meðferðarstig

SAG-4856

Nú birtist dagsetning skráningar í glugga meðferðarstigs með textanum "Hófst 05.11.2015".

Meðferðarskráning (gaTreatment)

Meðferðarskráning - Framvindunótur og framvindunótusaga

SAG-4858

Nú eru dagar og tími fremst í framkvæmd verkþáttar línu grá á litinn. Einnig eru athugasemdir frá skráningu verkþáttar og athugasemdir við framkvæmd verkþáttar gráar á litinn.

Ung- og smábarnavernd (gaChildrenObservation)

Tannlæknaupplýsingar fyrir einstaklinga með gervikennitölu

SAG-4693

Tannlæknaupplýsingar frá SÍ eru ekki sýndar í Ung- og smábarnavernd ef einstaklingur er með gervikennitölu.

Upplýsingar um heimilistannlækni frá SÍ

SAG-4791

Í samantekt upplýsinga frá S.Í. um heimilistannlækni barns og tannheilsu, er nú birt ábending/viðvörðun sé annað hvort af eftirfarandi skilyrðum uppfyllt:

- barn er að koma í skoðun á bilinu 18 mánaða til 4 ára og er ekki með skráðan heimilislækni
- barn er að koma í 4 ára skoðun og eldra hefur ekki mætt í tanneftirlit s.l 3 ár

Spurningalistar um tannheilsu barna - samræming

SAG-4792

Búið er að samræma spurningalista um tannheilsu barana í 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára skoðunum.

- Í alla listana hefur spurningunni *Er búið að skrá nafn heimilistannlæknis?* verið bætt við.
- Í 2 ½ árs skoðun detta út spurningarnar *Hefur barnið farið til tannlæknis?* og *Nafn tannlæknis*
- Í 4 ára skoðun detta úr spurningarnar *Hefur barnið farið í 3 ára forvarnarskoðun?* og *Nafn tannlæknis*